

Reykjavík, 15. október 2019

Alþingi
Nefndarsvið
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um auðlindir og auðlindagjöld. Þingskjal 21 - 21. mál fyrir 150. löggjafarþingi 2019– 2020.

Samorka þakkar tækifærið til veita umsögn um málið.

Mikið hefur verið rætt og ritað um auðlindagjöld, auðlindaskatta, auðlindarentu og arð af orkufyrirtækjum í eigu ríkisins undanfarna áratugi og ýmsar hugmyndir og leiðir settar fram.

Oftar en ekki gætir ákveðinna væntinga um miklar tekjur til hins opinbera, ríkis og/eða sveitarfélaga og það stundum sett í samhengi við sambærilegar tekjur á Norðurlöndunum einkum í Noregi. Í þeirri umræðu gleymist stundum að þetta þarf að setja í samhengi við aðra hluta skattkerfisins og þar með að grunnrentu-skattinn má draga frá tekjuskatti svo dæmi sé tekið.

Samorka leggur áherslu á að skilaleiðir auðlindarentu geta verið margar og mikilvægt að huga að heildarmyndinni. Auðlindarentan getur þannig skilað sér í læra orkuverði og þar með sterkari samkeppnisstöðu, í beinum arðgreiðslum frá fyrirtækjum í opinberri eigu eða með því að virkjunarheimildir eru boðnar út til nýtingar með tilteknum skilyrðum.

Þá er mikilvægt að leggja áherslu á að orkunýting of framleiðsla er bæði á samkeppnismarkaði en einnig í sérleyfi. Er hér vísað til þess að stór hluti orkunýtingar á Íslandi er í þágu hitaveitna og stundum er þar um samnýtingu að ræða þ.e. bæði hitaveita og raforkuframleiðsla. Því er þetta nefnt og á minnt að ein stærstu lífsgæði okkar felast í lágum húshitunarkostnaði.

Um ofangreind atriði fjallaði Samorka m.a. í [umsögn sinni um frumvarp til laga um bióðarsjóð, þingskjal 594, 434. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019](#). Er þar einnig lögð áhersla á að nýir skattar og gjöld skapa ekki nýjar tekjur.

Að þessu sögð lætur Samorka það liggja á milli hluta hvort nauðsynlegt er að skipa fleiri starfshópa til þess að fjalla um ofangreind mál eða hvort fyrst of fremst er nauðsynlegt að taka ákvarðanir úr frá þeim forsendum sem þegar liggja fyrir.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllt,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur